

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hraunkots, Hraunborgir svæði A.*
 Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 25 m^2 verkfærageymslu/gestahús við Húsasund, svæði 2.
 Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2011 og birtist auglýsing nr. 796 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 3. október 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
2. *Breyting á deiliskipulagi ferðaþjónustuhúsasvæðis í landi Minni-Borga, lóð 4.*
 Í breytingunni felst að byggingarreitur nr. 4 í samþykktu skipulagi verður að lóð nr. 4 sem verður 2.250 m^2 að stærð og er gert ráð fyrir 1.400 m^2 byggingarreit 5 m innan lóðamarka þar sem þegar er búið að byggja um 60 m^2 þjónustuhús. Með stækkuðum byggingarreit er gert ráð fyrir að þjónustuhúsið geti stækkað um 300 m^2 og verið allt að 360 m^2 að stærð.
 Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2012 og birtist auglýsing nr. 796 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 3. október 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Myrarkots, Hlyngerði.*
 Í breytingunni felst að lóðinni Hlyngerði 6-8 verður skipt í tvær lóðir, Hlyngerði 6 stærð 7.043 m^2 og Hlyngerði 8 stærð 7.014 m^2 .
 Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2011 og birtist auglýsing nr. 119 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 9. febrúar 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
4. *Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða, svæði D.*
 Í breytingunni felst að liðir 14 og 16 í deiliskipulagsskilmálum falla út og í stað þeirra kom liðir 21, 22 og 23 sem fela í sér að heimilt er að reisa allt að 250 m^2 aðalhús og tvö allt að 40 m^2 aukahús en hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.
 Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2011 og birtist auglýsing nr. 997 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 28. október 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness.*
 Í breytingunni felst að lóðir nr. 20, 22, 24 og 26 við Kothólsbraut færast 4 m suður og stækkar því lóð 20 úr 4.390 m^2 í 4.735 m^2 , lóð 22 minnkar úr 5.044 m^2 í 5.029 m^2 , lóð 24 minnkar úr 5.036 m^2 í 5.019 m^2 og lóð 26 minnkar úr 5.067 m^2 í 5.044 m^2 , skilmálar breytast ekki.
 Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.
 Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2012 og birtist auglýsing nr. 947 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 8. nóvember 2012. Sú

breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

6. *Breyting á deiliskipulagi Syðri-Brúar, Lækjarbrekka 31 og 33.*

Í breytingunni felst að lóð nr. 31 minnkar úr 8.207 m² í 6.544 m² og lóð nr. 33 stækkar úr 13.143 m² í 14.723 m². Stærðir byggingarreita breytast í samræmi við það.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2010 og birtist auglýsing nr. 727 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 19. júlí 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

7. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Miðengis við 5. og 6. braut og við Álfavatn.*

Í breytingunni felst að lóðir nr. 17 og 17a sem liggja á milli þjóðvegar og Álfavatns breytast úr frístundahúsalóðum í íbúðarhúsalóðir.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2011 og birtist auglýsing nr. 505 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 14. júní 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

8. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Norðurkots, Selhólsvegur 7A, B, C og D.*

Um er að ræða breytingu lóða 7A, B, C og D við Selhólsveg í landi Norðurkots. Til að halda sömu stærð lóða 7B og 7C bætist við hnippunkturinn L25 og punkturinn L11 færir austur. Við breytinguna stækkar lóð 7D úr 8.823 m² í 9.267 m² og lóð 7A minnkar úr 11.330 m² í 10.889 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2011 og birtist auglýsing nr. 451 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 29. apríl 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

9. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Vaðholts í landi Ormsstaða.*

Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 40 m² aukahús í stað 25 m². Á hverri lóð mega þó eingöngu vera tvö íveruhús og hámarksnýtingarhlutfall verður áfram 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2010 og birtist auglýsing nr. 57 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 27. janúar 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatn, 18. febrúar 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.